

Minnisblað

Dagsetning: 19.12.2023
Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2023. Önnur ferðamannasvæði á Norðausturlandi.

Framkvæmd 2023

Teknar voru drónamyndir á tveimur útsýnisstöðum á Tjörnesi til að fylgjast með ástandi gróðurs á stöðunum.

Vettvangsvinna fór fram 29. ágúst og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni og Sigþrúði Stelli Jóhannsdóttur. Svæðin voru ljósmynduð með flygildi svo hægt verði að útbúa myndkort af svæðunum. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir af svæðunum (1. – 4. mynd).

Úrvinnsla

- Ljósmyndum sem teknar voru með flygildi hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Nokkrar yfirlitsmyndir voru settar inn í ljósmyndagrunn NÍ.


Niðurstöður og umræður

Svæðin tvö sem um ræðir eru bæði á austanverðu Tjörnesi. Annað er útskot með litlu bílastæði við Skeiðsöxl þar sem vinsælt er að stoppa og skoða lunda. Hitt er útsýnis- og áningastaður Vegagerðar fyrir ofan Fjallahöfn.

Svæðin voru bæði tekin út í forkönnun árið 2021. Þá var mælt með því að loftmyndir með flygildi yrðu teknar af svæðinu og álag á gróður vaktað með myndvöktun, sjá minnisblað frá 2021. Gönguleiðir hafa myndast frá bílastæðum og áningarstöðum og álag er á gróður, sérstaklega á bjargbrún þar sem álagssvæði hafa einnig myndast.



1. mynd. Útsýnisstaður við Skeiðsöxl.



2. mynd. Útsýnisstaður við Skeiðsöxl. Göngustígar og álagssvæði hafa myndast að og á bjargbrún.



3.mynd. Útsýnisstaður ofan við Fjallahöfn.



4.mynd. Útsýnisstaður við Fjallahöfn. Gengið er út fyrir áningarstaðinn og norður eftir bjargbrún. Þar hafa myndast stígar og álagssvæði.